



**Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 23. febrúar 2012  
kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.**

**Mætt voru: Lárus Ástmar Hannesson, LÁH  
Berglind Axelsdóttir, BA  
Davíð Sveinsson, DS  
Helga Guðmundsdóttir, varamaður HG  
Gretar D. Pálsson, GDP  
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS  
Guðlaug J. Ágústsdóttir, GJÁ  
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS  
Guðmundur Andrésson, fundarritari**

**Forseti bæjarstjórnar, Lárus Ástmar Hannesson setti fund og stýrði.**

**Dagskrá:**

- 1. Fundargerðir bæjarráðs.**
  - 1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 482 dags. 16.02.2012.**

**Liður 1 Fundargerð skipulags-og byggingarnefndar, dags. 06.02.2012 (146. fundur)**

Fundargerð framlögð.

**Liður 2** Reitarvegur 5, stöðuleyfi á smíði smáhýsa til flutnings.

Kristján Sigurðsson sækir um stöðuleyfi til að byggja a.m.k. þrjú smáhýsi á lóð nr. 5 við Reitarveg, sbr. teikningar og bréf dags. 03.02.2012. Skriflegt samþykki eigenda hússins, sem smíðin fer fram, liggur fyrir.

Erindi samþykkt.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 3** Spennistöðvar, lóðir.

Björn Sverrisson sækir um f.h. Rariks, afmörkun á lóðum fyrir eftirtaldar spennistöðvar: Borgarbraut 4a, Víkurflöt 9a, Nesveg 8, Reitarveg 1 og Skólastíg 11b, sbr. bréf og afstöðumyndir dags. 02.02.2012.

Erindi samþykkt.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

**Gretar situr hjá vegna tengsla.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 4** Skólatígur 9, lóðastækkun, bílastæði.



Óli Jón Gunnarsson sækir um 19 m<sup>2</sup> lóðarspildu fyrir bílastæði, sem liggur milli lóðarmarka Skólastígs nr. 9 og 11b, sbr. afstöðumynd 06.02.2012.  
Erindi samþykkt.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**  
**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Fundargerðin samþykkt.**

**Liður 13 Tölvupóstur Atlantsolíu, dags. 14.02.2012 varðandi umsókn um lóð að Aðalgötu 35. Samþykkt að úthluta lóðinni Aðalgötu 35 til Atlantsolíu.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Erindi til afgreiðslu/umsagnir**

**Liður 34 Bréf Velferðarráðuneytis, dags. 06.02.2012 varðandi ósk um tilnefningu fulltrúa af báðum kynjum eða hlutlægar ástæður skýrðar.**  
Bæjarstjóra falið að tilgreina ástæður tilnefningar.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 35 - Framkvæmdaáætlun Snæfellsness 2012-2016 vegna vottunar skv. staðli EarthCheck fyrir samfélög.**

Lagt fram til kynningar og vísað til bæjarstjórnar.

**Til máls tóku GDP, GS, LÁH.**  
**Erindinu frestað.**

**Liður 36 Tölvupóstur bandalags íslenskra skáta dags. 16.1.2012 varðandi styrkbeiðni til að halda góðverkadaga 2012**

Bæjarráð sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 37 - Samningur um almenningsgangur á Vesturlandi milli Vegagerðarinnar og SSV dags. 29.12.2011. Samningurinn samþykktur.**

**Til máls tóku GDP, GS, LÁH, DS.**  
**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Samþykkt að tilnefna Lárus Hannesson í vinnuhóp SSV vegna almenningsgangna.**

**Liður 38 1202004 - Bréf Mennta-og menningarmálaráðuneytis, dags. 01.02.2012 varðandi úttekt á leikskóla Stykkishólmsbæjar.** Bæjarráð lýsir ánægju með úttekt á starfsemi Leikskólans í Stykkishólmi og niðurstöður hennar. Brugðist verður við niðurstöðum úttektarinnar í samstarfi við leikskólustjóra og skólanefnd.



**Til máls tóku GDP, LÁH, BA, GS.  
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 39 1202003 - Bréf Sóknarnefndar Stykkishólmskirkju, dags. 30.01.2012 varðandi styrk vegna fasteignagjalda fyrir Stykkishólmskirkju vegna ársins 2012**

Samþykkt að veita Sóknarnefnd Stykkishólmskirkju styrk að upphæð kr.132.640 vegna fasteignagjalda fyrir árið 2012.

**Til máls tóku GDP, GS.  
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 40 1201048 - Tölvupóstur Fjölbrautaskóla Snæfellinga dags. 30.01.2012, varðandi styrkbeiðni til forvarna- og félagsmála í FSN**  
Bæjarstjóra falið að fá nánari upplýsingar.

**Til máls tóku GS, LÁH, BA, GDP, HG, DS.  
Afgreiðslu frestað.**

**Liður 41 1201045 - Bréf Rarik, dags. 20.01.2012 varðandi viðhaldsgjald fyrir götulýsingu og breytt eignarhald.** Framlagt. Bæjarstjóri lagði fram tölvupóst frá Rarik sem barst 13.02.2012. Afgreiðslu frestað meðan beðið er eftir niðurstöðum samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**Til máls tók GDP, LÁH, ÍHS  
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt**

**Liður 42 1201044 - Bréf Icefitness ehf., dags. janúar 2012 varðandi umsókn um styrk vegna Skólahreysti 2012.** Bæjarstjóra falið að svara bréfitara.

**Til máls tók GS, GDP, LÁH, BA  
Samþykkt að styrkja Icefitness ehf. um kr. 50.000**

**Liður 43 1201036 - Bréf SAMAN-hópsins, dags. 13.01.2012 varðandi beiðni um fjárstuðning sveitafélagsins við forvarnastarf SAMAN-hópsins á árinu 2012.** Bæjarráð sér ekki fært að verða við styrkbeiðninni.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 44 1202001 - Tölvupóstur foreldrafélags yngri flokka Snæfells í knattspyrnu dags. 31.01.2012 varðandi styrk vegna Íslandsmeistaratíls 3. fl. karla í fótbolta.**

Samþykkt að styrkja knattspyrnudeild Snæfells um kr. 33.500 samkvæmt reglum um afreksstyrki til íþróttafélaga í Stykkishólmi. Bæjarstjórn óskar 3. fl. til hamingju með Íslandsmeistaratílinn.

**Til máls tóku DS, GS, GDP, ÍHS.  
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**



**Liður 45 1110012 - Umsókn Skipavíkur ehf., dags.10.10.2011 um svæði við Sundvík til að byggja og reka gisti-og ferðapjónustu.** Bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar falið að ræða við forsvarsmenn Skipavíkur ehf.

**Til máls tóku GDP, LÁH, DS, GJÁ.**  
**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 46 1202034 - Bréf Hesteigendafélags Stykkishólms, dags. 08.02.2012 varðandi beiðni um niðurfellingu fasteignagjalda.**  
Samþykkt að veita Hesteigendafélagi Stykkishólms styrk til greiðslu fasteignagjalda að upphæð kr. 41.093 fyrir árið 2012

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 47 1202037 - Tillaga Berglindar Axelsdóttur og Davíðs Sveinssonar um starfsemi vinnuskóla og sumarstarfs áhaldahúss.**

Við undirrituð leggjum til að bæjarstjóra og byggingarfulltrúa verði falið að gera tillögu að starfsemi vinnuskóla og sumarstarfi áhaldahúss Stykkishólmsbæjar með áherslu á gróður, garða og viðhald opinna svæða í Stykkishólmsbæ.

Greinargerð:

Við teljum að eftir kynningu Sigríðar Ó. Sigurðardóttur skrudgarðyrkjufraeðings á skýrslu sinni um störf sín hjá Stykkishólmsbæ sl. sumar þar sem hún fjallaði um græn svæði og garða í Stykkishólmi að rétt sé að fara í skipulagsbreytingar. Með þeim breytingum vonumst við eftir betri árangri í hirðingu og stefnumótun er varðar garða og græn svæði.

Berglind Axelsdóttir

Davíð Sveinsson

Tillagan samþykkt með áorðnum breytingum.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 48 1202036 - Drög að samningi um rekstur Upplýsingamiðstöðvar Stykkishólmsbæjar.**

Samþykkt með áorðnum breytingum.

**Til máls tóku GS, LÁH, GDP**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með áorðnum breytingum.**

**Liður 49.**Tilnefning 3ja manna nefndar Stykkishólmsbæjar til viðræðna og samninga við HVE og ríkisvaldið vegna mögulegs samstarfs og flutnings á starfsemi Dvalarheimilis aldraðra til HVE (St. Fransickussjúkrahússins) í Stykkishólmi.

Samþykkt að tilnefna:

Gretar D. Pálsson

Gyða Steinsdóttir

Lárus Á. Hannesson



## **Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 50.** Bréf Bæjarstjórnar Stykkishólms til Sjávarútvegsráðherra vegna hruns skelveiða í Breiðarfirði lagt fram.

**Liður 51.** Skápalæsingar í sundlaug Stykkishólms. Erindi forstöðmanns lagt fram.

**Til máls tóku GS, LÁH, GDP, DS.**

**Samþykkt að kaupa aðgangskerfi samkvæmt tillögu forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar.**

**Til máls tóku síðan GDP, BA, LÁH.**

**Fundargerð bæjarráðs samþykkt.**

## **2. Fundargerðir nefnda.**

### **2.1. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 06.02.2012.**

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

### **2.2. Fundargerð nefndar um málefni fatlaðra, dags. 30.01.2012.**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

### **2.3. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 17.01.2012.**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

### **2.4. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra, dags. 07.02.2012.**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

## **3. Annað**

3.1. Erindi Markaðsstofu Vesturlands, dags. 09.02.2012 varðandi aðkomu Stykkishólmsbæjar að verkefnum á vegum MV.

**Allir tóku til máls. Samþykkt að leggja kr. 450.000 í sameiginleg verkefni fyrir Snæfellsnes.**

3.2. Skápalæsingar í íþróttamiðstöð. **Áður afgreitt á fundinum.**

3.3. Erindi Anok, dags. 16.2.2012 varðandi gögn á vef Stykkishólms, myndefni og ljósmyndir fyrir Stykkishólmsbæ.

**Allir tóku til máls.**

**Bæjarstjóra falið að kanna málið nánar.**

**Fundargerðin upplesin og samþykkt.**

**Fundi slitið kl. 18: 50**

**Guðmundur Andrésón, fundarritari.**